

# Innra mat

Helstu niðurstöður vorið 2023



ÁLFHÓLSSKÓLI

## Mat á skólastarfi

Mats- þættir	Umbótaáðgerðir og matsleiðir	Helstu niðurstöður vorið 2023	Áætlaðar umbætur 2023 - 2024
Fagleg forysta	<p>Rýnihópar starfsmanna.</p> <p>Stjórnendur meta kennslu og veita endurgjöf.</p> <p>Starfsþróunarviðtöl og könnun um líðan og samskipti fyrir viðtalið.</p> <p>Foreldrakönnun Skólapúlsins.</p>	<p>Samkvæmt niðurstöðum foreldrakönnunar Skólapúls eru 96% foreldra ánægðir með stjórnun skólans, svipað og á landsvísu (91%). Foreldrar drengja í Álfhólsskóla eru marktækt ánægðari en foreldrar drengja á landsvísu.</p> <p>Almenn ánægja var með starfsþróunarviðtöl og í athugasemdum í könnun í undanfara viðtalanna kemur fram að starfsfólk upplifir gott viðmót og traust frá stjórnendum en einhverjir myndu vilja að stjórnendur væru aðgengilegri og sýnilegri í kennslustofum.</p> <p>Mat stjórnenda á kennslu og endurgjöf féll niður vegna anna og veikinda í starfsmannahópnum.</p> <p>Starfsmannakönnun Skólapúls er áætluð vorið 2024.</p>	<p>Endurskoða þarf fyrirkomulagið á mati stjórnenda á kennslu. Áriðandi að tími gefist til þess að gefa endurgjöf svo matið verði gagnlegt.</p> <p>Fjölgun í stjórnendateymi. Árleg starfsþróunarviðtöl.</p> <p>Starfsmannakönnun í mars 2024.</p> <p>Starfsmannahandbók uppfærð árlega.</p>

Stefnu- mótun og skipulag	Yfirferð áætlana og verkferla.	Unnið var eftir skólamenningaráætlun, Öll sem eitt, sem hluta af forvarnar- og viðbragðsáætlun skólans.	Skólanámskrá í stöðugri þróun
	Þróun skólanámskrár.	Skólanámskrá er í stöðugri uppfærslu. Námskránná má nálgast í heild sinni á heimasíðu skólans og á Mentor. Námskráin er í áframhaldandi þróun.	Gerð starfsáætlun að hausti.
	Gerð starfsáætlunar.	Starfsáætlun var samþykkt af skólaráði haustið 2022 og birt á heimasíðu.	Sjálfsmatsáætlun birt foreldrum og starfsfólki.
	Stefnumótunardagur.	Sjálfsmatsáætlun var sett fram til ársins 2025, samþykkt af matsteymi og birt á heimasíðu skólans að hausti 2022.	Farið yfir verkferla og áætlanir að hausti.
		Á stefnumótunardegi og opnum skólaráðsfundi var rætt um samstarf heimilis og skóla. Almenn ánægja var með fundinn sem gekk vel.	Stefnumótunardagur og opinn skólaráðsfundur vorið 2024.
	Á skólamenningarfundum starfsfólks og í könnun í undanfara starfsþróunarviðtala kemur fram þörf fyrir betri yfirsýn yfir upplýsingar, tilkynningar og skjöl.	Uppfærsla á flýttisíðu, bæta við viðburðardagatali.	
		Farið yfir hlutverk starfsmanna á fundum að hausti.	
Samskipti heimils og skóla	Stefnumótunardagur	Skólaráð fundaði reglulega á árinu. Samstarfið gekk mjög vel og stóðu nemendur sig með þryði.	Stefnumótunardagur og opinn skólaráðsfundur áætlaður að vori 2024
	Foreldrakönnun Skólapúlsins	Almenn ánægja með samráðsdaga á skólaárinu. Í einhverjum tilfellum voru nemendastýrð viðtöl sem gekk mjög vel.	Skólaráð.
	Opið hús fyrir foreldra	Kennarar sendu foreldrum vikupósta með upplýsingum um skólastarfið og bekkjarbrag í vetur. Almenn ánægja með póstana meðal kennara og foreldra.	Starfamessa. Huga betur að undirbúningi og framkvæmd.
	Skólaráð	Rætt var um samstarf heimilis og skóla á stefnumótunardegi. Samkvæmt niðurstöðum ganga rafræn samskipti heimilis og skóla almennt mjög vel. Þörf er fyrir að foreldrar hittist oftar án barna og krefjandi er að koma á samstarfi foreldra innan bekkja, sérstaklega í stórum árgöngum. Almennt þykir	Árleg læsi og lestrakennslunámskeið fyrir foreldra í 1. og
	Vikupóstar		
	Samráðsdagar		
Fræðslufundur fyrir			

foreldra um lestur.

Kynningarfundir fyrir foreldra í 1., 5. og 8.bekk

Starfamessa foreldrafélagsins

Sýningar og viðburðir

foreldrum og nemendum erfitt að fá yfirsýn yfir námsframvindu og stöðu barna sinna sem veldur þeim erfiðleikum við að aðstoða þá við námið. Unglingum og foreldrum finnst ástæða til þess að foreldrar fái fræðslu um það sem snýr að andlegri heilsu ungmenna og hvernig foreldrar geti stutt betur við námsframvindu barna sinna. Nemendur hafa áhuga á að vera virkari þátttakendur í undirbúningi bekkjakvölda, þeir geti komið meira að hugmyndavinnu og undirbúningi og jafnvel auglýsingum fyrir viðburði, bæði fyrir foreldra og börn. Yngri nemendur vilja halda fleiri sýningar og fá þannig foreldra meira inn í skólann til að sjá hvað þau eru að gera. Nemendur voru sammála um að þeir hefðu ekki verið varir við að foreldrar í árgöngunum hefðu skrifað undir foreldrasáttmála en þótti það þó mikilvægt. Mikilvægast fannst þeim að foreldrar sameinuðust um reglur varðandi útivist og aldurstakmörk. Eldri nemendur telja að mæting á viðburði væri betri ef foreldrar hittast einir og nemendur einir, ekki saman. Lykillinn til að fá foreldra til að mæta betur á viðburði og fræðsluerindi er almennt að bjóða upp á veitingar að mati nemenda.

Opið hús og morgunkaffi með stjórnendum var á öllum stigum í vetur. Góð mæting var á öllum stigum og almenn ánægja.

Kynningarfundir fyrir foreldra í 1., 5. og 8.bekk voru vel sóttir og gengu vel.

Starfamessa foreldrafélagsins var haldin á vorönn og gekk ágætlega. Huga þarf enn betur að skipulagi næsta vetur

Facebooksíða skólans, twitter og heimasíða hafa verið í stöðugri uppfærslu í vetur.

Samkvæmt niðurstöðum foreldrakönnunar Skólapúls er frumkvæði kennara í Álfhólsskóla að foreldrasamstarfi svipað og á landsvísu.

57% foreldra upplifa að þeir hafi áhrif á ákvarðanir varðandi nemendur, svipað og á landsvísu. Foreldrar yngri nemenda upplifa almennt að þeir hafi meiri áhrif en foreldrar eldri nemenda.

63% segja að leitað sé eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til

3.bekk.

Opið hús fyrir foreldra

Kynningar fyrir foreldra í 1., 5., og 8.bekk

Vikupóstur á Mentor.


Starfsmannakönnun í mars 2024

Samráðsdagar.

Facebooksíða, Twitter og heimasíða skólans í stöðugri uppfærslu.

Viðhorfskannanir til foreldra eftir kynningar og námskeið á vegum skólans.

Ýmsir fræðslufundir fyrir foreldra, rafrænt og á staðnum.



greina, svipað og á landsvísu. Foreldrar yngri barna upplifa þetta enn frekar en foreldrar barna á unglíngastígi (67-70% á móti 42%). Þau atriði sem foreldrar telja sig hafa mest áhrif á eru foreldrasamskipti, námshraði, foreldrasamskipti, agamál og áherslur í námsgreinum. Þeir vilja aftur á móti hafa enn meiri áhrif á áherslur í námsgreinum, kennslufyrirkomulag, val á námsefni og námshraða.

99% foreldra voru ánægðir með síðasta foreldraviðtal, marktækt fleiri en á landsvísu (93%) og fleiri en síðustu ár (93%). Meist var rætt um framgang náms og líðan nemenda í síðasta viðtali.

57% foreldra telja sig taka virkan þátt í gerð námsáætlunar með nemendum, svipað á landsvísu (58%). Þátttakan er almennt meiri á eldri stigum en yngri. 91% foreldra þykir þessi þátttaka mikilvæg, svipað á landsvísu.

83% foreldra eru ánægðir með heimasíðu skólans, svipað og á landsvísu en aðeins minna en síðustu ár (87%). Fyrir það hafði ánægja með heimasíðu aukist jafnt og þétt síðustu ár. Fram komu nokkrar ábendingar varðandi heimasíðu sem þegar hafa verið teknar til greina.

67% foreldra telja sig upplýsta um stefnu skólans og námskrá, svipað og á landsvísu. Foreldrar nemenda á unglíngastígi voru marktækt síður upplýstir en foreldrar unglínga á landsvísu (56% á móti 71%).

Samkvæmt könnun í undanfara starfsþróunarviðtala upplifa kennarar almennt að samstarf og samskipti við foreldra gangi vel.

Nám og  
kennsla

Starfsmannakönnun Skólapúlsins	Í könnun í undanfara starfsþróunarviðtala segja kennarar að skólaárið hafa gengið að meðaltali upp á 3,9 af 5 möguleikum, þar sem 5 er best. Almennt eru kennarar ánægðir með samstarfið, starfsandann og finnst þeir hafi náð markmiðum sínum í kennslunni. Almennt eru kennarar mjög stoltir af þeim framförum sem þeir hafa séð hjá nemendum sínum, í námi, hegðun og líðan.	Lestraráttök
Nemendakönnun Skólapúlsins	Hegðunar- og agmál hafa legið þungt á einhverjum en kennarar telja sig þó hafa góðan stuðning til að bregðast við þeim. Helstu áskoranir að mati kennara eru gjarnan að ná að virkja vanvirka nemendur og ná að sinna öllum nemendum út frá eigin forsendum eins vel og kennarar myndu vilja.	Samráðsdagar
Skólalæping		Bland í poka á unglíngastigi
Stefnumótunardagar		Þemavikur á miðstigi
Lesferill, lesskimun		Þemadagar
LOGOS greining	Samkvæmt foreldrakönnun Skólapúlsins eru foreldrar jafn ánægðir með nám og kennslu og foreldrar á landsvísu. Foreldrar stúlkna eru þó marktækt ekki eins ánægðir og foreldrar stúlkna á landsvísu. Rúmlega 80% foreldra finnst þyngd námsefnis hæfileg, líkt og á landsvísu. Marktækt færri foreldrum nemenda á unglíngastigi þykir þó námið hæfilegt en foreldrum unglínga á landsvísu (65,4% á móti 81%). Ef litið er til spurninganna sem mynda matsþáttinn má ætla að þar sé átt við að námsefnið sé of létt að mati foreldra á unglíngastigi. 64% foreldra telja hæfilegan aga í skólanum, svipað og á landsvísu. Aginn hefur slaknað verulega frá því sem áður var (82% 2021) bæði í Álfhólsskóla og á landinu að mati foreldra. Í nemendakönnun Skólapúls kemur aftur á móti fram að agi í kennslustundum mælist marktækt meiri í Álfhólsskóla en á landsvísu eins og undanfarin ár. Strákar upplifa marktækt meiri aga en strákar á landsvísu og meiri aga en stúlkur. Aginn mælist marktækt meiri en á landsvísu í 7. og 8.bekk en minni í 10.bekk en á landsvísu.	Menntabúðir og lærdómsfundir kennara
Samræmd próf		Innleiðingarteymi um leiðsagnarnám sett á fótinn.
Samráðsdagar		Lausnamiðaðir samráðsfundir um nemendmál.
Stjórnendur meta kennslu og veita endurgjöf		Stjórnendur meta kennslu og veita endurgjöf.
Kennsluþróun	Samkvæmt nemendakönnun Skólapúlsins hafa nemendur í Álfhólsskóla álíka mikla ánægju af lestri og nemendur á landsvísu. Stúlkur hafa almennt meiri ánægju af lestri en drengir. Ánægjan dalar almennt eftir því sem nemendur eldast, en þó jókst ánægja nemenda í 10.bekk í skólaárinu, sem hefur ekki sést áður.	Lausnateymi heldur áfram störfum.
	Áhugi á stærðfræði mælist svipaður á landsvísu, en hefur yfirleitt verið marktækt meiri í Álfhólsskóla en á landsvísu í gegnum árin. Áhuginn mælist minnstur í 8. og 9.bekk, en meiri í öðrum árgöngum. Ánægja af náttúrufræði	Nemendakönnun Skólapúlsins.
		Starfsmannakönnun skólapúls mars 2024
		Áframhaldandi starfsþróun kennara og

mælist að vanda marktækt meiri en á landsvísu, en hefur þó farið aðeins dalandi síðustu ár. Eru það nemendur í 7. og 10.bekk sem hafa marktækt meiri ánægju af náttúrufræði en aðrir jafnaldrar.

Virk þátttaka nemenda í tímum mælist um landsmeðaltal en þó marktækt meiri í 6.bekk en meðal jafnaldra á landsvísu.

Tíðni leiðsagnarmats mælist marktækt undir landsmeðaltali eins og oft áður og marktækt minna í 9.bekk en meðal jafnaldra á landsvísu. Áríðandi er að efla leiðsagnarmat í skólanum næsta vetur og verður það hluti af endurmenntun vetrarins.

Þrautseigja í námi mælist um landsmeðaltal. Almennt eru stúlkur þrautseigjari en drengir, í Álfhólsskóla og á landsvísu. Þrautseigja er marktækt minni í 9.bekk en hjá jafnöldrum á landsvísu og minni en í öðrum árgöngum. Þrautseigju í þessum árgangi hefur farið hrakandi frá því í 8.bekk. Í öðrum árgöngum hefur þrautseigja eflst frá því á síðasta skólaári.

Trú á eigin vinnubrögð í námi mælist marktækt minni en á landsvísu, eins og oft áður og eru það stúlkur í 9.bekk sem mælast marktækt með minni trú en stúlkur á landsvísu. Er það jafnframt eini árgangurinn þar sem trú á vinnubrögð fer versnandi frá því á síðasta skólaári.

Trú á eigin námsgetu mælist um landsmeðaltal líkt og á síðasta skólaári. Almennt hafa drengir meiri trú á eigin námsgetu en stúlkur. Eftirtektarvert er að trú á námsgetu mælist minnst í 9.bekk (ómarktækur munur).

Í opnum svörum kemur fram að margir nemendur eru almennt ánægðir með kennara skólans. Ánægja með val og frelsi til þess að vinna að verkefnum út frá áhugasviði. Þeir hafa ólíka upplifun af ólíkum fögum, það sem sumum finnst skemmtilegt finnst öðrum leiðinlegt. Fram kemur að sumir kennarar séu lengi að skila af sér námsmati sem veldur því að nemendur vita ekki nógu vel hvernig þeir standa.

Samkvæmt niðurstöðum skólamenningarkönnunar þykir minnihluta nemenda námið spennandi og áhugavert (43%) en þó fleiri nemendum en á síðata

ýmis þróunarverkefni.

skólaári.

Þemadagarnir í október gengu mjög vel og vöktu mikla ánægju. Unnið var út frá ólíku þema á ólíkum stigum. Hafið í 1.-4.bekk, fjölbreytileikann í 5.-6.bekk og svo forvarnir, samvinnu við félagsmiðstöðina, í 7.-10.bekk.

Heilsudagar fóru fram í apríl og gengu mjög vel. Á unglíngastigi var annar dagurinn nýttur til undirbúnings fyrir árs hátíð við mikla lukku.

Menntabúðir voru haldnar reglulega yfir skólaárið sem og mánudagsfræðsla sem var ágætlega sótt.

Nemendur í 9.bekk tóku þátt í skólaþingi á vormánuðum og stóðu sig með þryði.

Fjöldi þróunarverkefna eru í gangi í Álfhólsskóla. Verkefnin eru: Bland í poka á unglíngastigi, góður grunnur, þemavikur á miðstigi, teymiskennsla, spjaldtölvur í námi og kennslu. Allir kennarar fá tvo tíma á viku í kennsluþróun innan vinnuramma til að sinna sinni kennsluþróun.

Almenn ánægja með þróun á BÍP vikum á unglíngastigi skv. könnun sem lögð var fyrir nemendur og kennara. Vilji til að halda áfram að þróa verkefnið í sömu átt, en þörf fyrir að bæta við þjálfunartímum í BÍP vikum í stærðfræði og jafnvel íslensku.

Almenn ánægja meðal kennara með þemavikur á miðstigi samkvæmt starfsþróunarviðtölum og vilji til að þróa verkefnið áfram næta vetur.

Lesferill, lestrarskimun var lögð fyrir alla nemendur skólans í september, janúar og maí. Orðarún, lesskilningspróf, var lagt fyrir í 3.-8.bekk samhliða lesferlinum. Í kjölfarið voru gerðar LOGOS greiningar eftir þörfum og sett inn einstaklingsmiðuð lestrarátök heima og í skólanum þar sem það átti við. Nemendur tóku almennt miklum framförum í lestri á skólaárinu.

Starfsmannakönnun er áætluð í mars 2024.

Lausnateymi var starfandi í báðum húsum. Teymin sinntu fyrst og fremst



Nemendur; líðan, þátttaka og ábyrgð

	óformlegri ráðgjöf til kennara og starfsmanna.	
Skólamenningarkönnun	Skólamenningarfundir eru þjóðfundir sem voru haldnir með öllum árgöngum skólans að hausti 2022 og starfsmönnum í mars 2023. Á fundunum rýndu nemendur og starfsmenn í skólamenninguna í Álfhólsskóla og komu með tillögur um hvernig mætti efla hana enn frekar. Fundirnir gengu mjög vel og var almenn ánægja með þá. Rauðir þræðir á skólamenningarfundum voru ánægja nemenda með list- og verkgreinar og aukið val. Þeir vildu fá oftari tækifæri til að vinna að skapandi og verklegum verkefnum. Þeim fannst heilt yfir vanta frekari afþreyingu í frímínútum, að námsumhverfi þeirra sé gert huggulegra og hlustað sé betur á skoðanir þeirra, líka þegar fullorðna fólk er ósammála þeim.	Nemendaráð Skólaráð Árlegur stefnumótunardagur Bekkjarfundir vikulega í öllum árgöngum. Göngum í skólann.
Nemendafulltrúaráð Skólaráð	Helstu niðurstöður skólamenningarkönnunar benda til þess að nemendum í 6.-10. bekk líði almennt vel í skólanum, þeim finnst skólabragurinn almennt góður og nánast allir eiga a.m.k. einn vin í skólanum. Nemendafulltrúar hafa jákvæð áhrif á skólabraginn og nemendur nota opnar spurningar til þess að segja frá áhyggjum sínum af líðan og samskiptum.	Þemadagar. Skólahreysti. Skólamenningarfundir
Barnaþing Kópavogs Okkar skóli	Samkvæmt niðurstöðum skólamenningarkönnunar og nemendakönnun Skólþúls líður nemendum almennt vel í skólanum, svipað og á landsvísu. Drengjum líður marktækt betur í skólanum en stúlkum. Í skólamenningarkönnun kemur fram marktækt meiri vellíðan í 7. og 10. bekk en í öðrum árgöngum. Líðan hefur batnað verulega í 10. bekk frá því á síðasta skólaári.  Í nemendakönnun Skólþúlsins kemur fram að tíðni eineltis er 12,2%, ómarktækur munur við landsmeðaltal (15%). Samkvæmt þessu hefur tíðni eineltis aukist aðeins frá því á síðasta skólaári þegar tíðnin mældist 7,8% og marktækt minni en á landsvísu. Ef rýnt er í niðurstöður Skólþúlsins má sjá að einelti umfangseineltis minnkar í 7. og 10. bekk en eykst í 8. og 9. bekk. Í skólamenningarkönnun mælist einelti aftur á móti 8,4%, svipað og á síðasta skólaári. Þar kemur jafnframt fram að leyst hefur verið úr stórum hluta þeirra eineltismála sem hafa komið upp á skólaárinu, 8 af 19 (svipaður fjöldi og	Skólamenningarkönnun. Skólþúls nemendakönnun. Tengslakannanir, a.m.k. tvisvar á ári. Samráðsfundir tvisvar á ári. Þemadagar með áherslu á vináttu og jákvæða skólamenningu. Einstaklingsviðtöl við nemendur á mið- og unglingsstigi.

síðustu ár).

Skólamenningin, líðan og samskipti í 9.bekk mældist almennt lakari en í öðrum árgöngum og hófst í kjölfarið markviss vinna með menninguna þar auk þess sem lítill hópur nemenda í 9.bekk fengu tækifæri til að sækja námskeið til Jóa og Jóhönnu með það að markmiði að efla sjálfsmynd og samskipti. Þörf á áframhaldandi vinnu með þessa nemendahópa næsta vetur.

22% nemenda hefur upplifað að teknar séu myndir af þeim í leyfisleysi, fleiri á unglíngastigi en á miðstigi. Stelpur eru tvöfalt líklegri til að hafa upplifað þetta en strákar.

Almennt virðist hafa dregið úr liðsheild í skólanum ef marka má niðurstöður skólamenningarkönnunar, áriðandi er að vinna með heildina á næsta skólaári.

Á síðasta skólári mældist vanlíðan og neikvæð menning í núverandi 10.bekk og í kjölfarið fór af stað markviss vinna í samstarfi við lausnateymi og Kvan. Mikill árangur hefur verið af þeirri vinnu ef marka má niðurstöður Skólapúls og skólamenningarkönnunar varðandi jákvæða menningu, líðan og samskipti í árganginum.

Sjálfsálit nemenda hefur aukist síðustu tvö ár samkvæmt niðurstöðum Skólapúlsins og mælist nú um landsmeðaltal, mældist áður marktækt undir landsmeðaltal frá því skólaárið 2015-16. Drengir eru almennt með betra sjálfsálit en stúlkur. Sjálfsálit hefur aukist hvað mest í 10.bekk. Stjórn á eigin lífi mælist um landsmeðaltal eins og áður og telja drengir sig almennt hafa meiri stjórn á eigin lífi en stúlkur.

44,7% nemenda hreyfir sig 2var í viku eða oftar, eins og á landsvísu. Fleiri strákar en stelpur hreyfa sig reglulega, 53,2% á móti 34,5%. Nemendur hreyfa sig sjaldnar eftir því sem þeir eldast. Hollt mataræði mælist í fyrsta skipti marktækt meira en á landsvísu og eru það stúlkurnar sem borða marktækt hollar en stúlkur á landsvísu. Nemendur í 7.bekk borða jafnframt marktækt hollar en jafnaldrar þeirra á landsvísu.


Nemendur samsama sig við nemendahópinn eins og aðrir nemendur á

Sértæk vinna með minni hópa í ákveðnum árgöngum

Okkar skóli

Barnabíng Kópavogs

Innleiðing á réttindaskóla Unicef



landsvísu. Drengir samsama sig almennt betur við nemendahópinn en stúlkur.

Samband nemenda við kennara mælist marktækt betra en á landsvísu eins og á síðasta skólaári. Nemendur í 7.bekk eiga marktækt í betra sambandi við kennara sinn en jafnaldrar á landsvísu. Þetta er í takt við niðurstöður úr skólameningarkönnun þar sem sí vaxandi fjöldi telur einhvern fullorðinn í skólanum sem þeir geta treyst.

Nemendafulltrúaráð Öll sem eitt var virkt á öllum stigum í vetur, virkast á unglingastigi. Nemendur stóðu sig prýðilega í störfum sínum.

Álfhólsskóli sendi fjóra fulltrúa á barnaþing Kópavogs. Þingið gekk vel og fulltrúarnir voru skólanum til sóma.

Allir nemendur skólans tóku þátt í verkefinu “okkar skóli” þar sem þeir komu með hugmyndir að því hvernig mætti nýta fjármagn frá Kópavogi til að gera góðan skóla betri, í kjölfarið var kosið úr hugmyndum. Yngsta stig kaus að gera kósýhorn í skólastofunum, miðstig kaus afþreyingu eins og borðtennisborð á gangana og unglingastig kaus að fjármagn færi í að kaupa græjur sem mætti nota í hljóðupptökur.

Tveir nemendafulltrúar sátu í skólaráði í vetur og stóðu sig mjög vel.

Mann- auður; líðan og starfsandi	Könnun í undanfara starfsþróunarviðtala.	Í könnun sem gerð var meðal starfsfólks í undanfara starfsþróunarviðtala kemur fram að starfsmönnum líður nánast öllum frekar eða mjög vel í starfi sínu. Líðan kennara mælist að meðaltali 6,2 á skalanum 1-7.	Einstaklingsviðtöl við starfsfólk um niðurstöður starfsmannakönnunar og/eða vinnustaðgreiningar
	Rýnihópar starfsmanna	Í könnuninni kemur fram að kennarar upplifa almennt að vel sé hugsað um starfsfólk í Álfhólsskóla og starfsandinn góður. Gott sé að leita til stjórnenda til að fá stuðning og/eða ráðgjöf. Einnig kemur fram að margir kennarar upplifa að veikindi og fjarvera starfsfólks hafi valdið álagi í starfi í vetur vegna forfalla.	Skólamenningarfundur starfsfólks
	Ýmsar kannanir á vegum matsteymis	Viðburðir STÁL á skólaárinu voru vel sóttir í vetur og vöktu mikla lukku. Á skólamenningarfundum kom þó fram að starfsfólk myndi vilja enn meira hópefli til að efla starfsandann á næsta skólaári.	Árleg endurskoðun og uppfærsla starfsmannahandbókar
	Starfsþróunarviðtöl	Á skólamenningarfundum starfsfólk kom fram að Álfhólsskóli væri skemmtilegur vinnustaður með frábæran mannauð og fjölbreyttan hóp nemenda. Traust sé frá stjórnendum gagnvart fagmennsku kennara.	Árleg starfsþróunarviðtöl  Móttökuáætlun um nýja starfsmenn.  Nýjir kennarar fá leiðsögukennara  STÁL starfsmannafélag

## Sjálfbærni

Réttindaskóli Unicef	Álfhólsskóli fór af stað í innleiðingaverki til þess að verða réttindaskóli Unicef á skólaárinu 2022-23. Farið var hægt af stað. Myndað var teymi kennara, réttindaráð, til þess að halda utan um vinnuna og nemendafulltrúar ÖSE virkjaðir sem réttindaráð.	Áframhaldandi innleiðing á réttindaskóla Unicef.
Grænfáni		
Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna	Starfsfólk fékk réttindafræðslu á starfsdegi í mars.	Stöðumat unicef. Réttindaráð nemenda vinnur úr niðurstöðum og gerir aðgerðaráætlun um úrbætur.
Barnasáttmálinn	Grænfánateymi var virkt í vetur en því miður náðust ekki markmið teymisins og fánanum því ekki flaggað á skólaárinu.  Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna koma fram í öllum áætlunum og stefnu skólans, áriðandi að flétta þau markvissar inn í nám og kennslu.  Unnið var með barnasáttmálann á degi mannréttinda barna á öllum stigum.	Áframhaldandi vinna með grænfánann.  Fléttað heimsmarkmiðin og barnasáttmálann markvissar inn í nám og kennslu.